

Fundargerð 20. Mars 2024

Umhverfis- og loftslagsstefna Fljótsdalshrepps

Fundurinn er haldinn í Végarði miðvikudaginn 20. Mars 2024 kl: 15-17.

Mætt til fundar: Brynjar Darri Kjerúlf, Guðni Jónsson, Halla Auðunardóttir, Júlía Hjartardóttir Kjerúlf og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Róshildur Ingólfssdóttir komst ekki, 1. Varamaður Jónas Bragi Hallgrímsson komst ekki en 2. Varamaður Hörður Guðmundsson mætti.

Agnés Brá Birgisdóttir var gestur fundarinnis og stjórnaði fundinum.

Dagskrá:

1. Farið yfir tillögur að endurskoðun/breytingum á umhverfis og loftslagsstefnu
2. Loftslagsbókhald/losunarbókhald og greining á losunarsviðum og fjármunum notað í græna innviði.
 - a. Viðmiðunarár ákvarðað
 - b. Samgöngur
 - c. Orka
 - d. Sorp/endurvinnsla
 - e. Innkaup vörur/ÞJÓNUSTA
3. Farið saman yfir aðgerðaaætlun – Hún einfölduð, markmið gerð mælanleg og tímasett
4. Lykilmælikvarðar ræddir og ákveðnir – fyrir sveitarfélagið og íbúa. Við ætlum að mæla heildarlosun sveitarfélagsins og íbúa er það ekki.

Agnés Brá fór yfir þær breytingar sem hún lagði til varðandi Loftslagsstefnu sveitarfélagsins.

Ný drög með breytingum verða send á nefndarmenn og sveitarstjóra til yfirlstrar eftir páska.

Næsti vinnufundur er fyrirhugaður þriðjudaginn 23. Apríl kl: 15-17 í Végarði.

Agnés ætlar að gera drög að aðgerðaráætlun fyrir næsta fund ásamt drögum að hnitmiðuðu og styttra skjali til birtingar fyrir almenning. Efnisatriðin verða 6 og þar undir meginmarkmið.

Einnig verður tímalínan endurskoðuð.

Helgi þarf að gefa Agnesi aðgang að loftslagsreikni sveitarfélagsins.

Stefnt er að því að drög að loftslagsstefnunni verði lögð fyrir sveitarstjórnarfund sem er fyrirhugaður þriðjudaginn 7. Maí 2024.

Fundi slitið kl. 17

Halla skrifaði fundargerð í tölvu.